

**Ed.**

**629. Breytingartillaga**

**[52. mál]**

við frv. til ættleiðingarlaga.

Frá allsherjarnefnd.

Við 12. gr. 1. málsg. orðist svo:

Nú tekur aðili, sem lögbær er um að láta uppi samþykki samkvæmt 7. sbr. 10. gr., aftur samþykki sitt, áður en gengið er frá ættleiðingarleyfi, og er þá yfirleitt eigi heimilt að gefa út leyfið. Veita má þó leyfi til ættleiðingar, þegar svona stendur á, ef barn hefur verið í fóstri hjá ættleiðingarbeiðanda eða þegar hagir barns mæla að öðru leyti eindregið með því, að það verði ættleitt, og afturköllun á samþykki styðst eigi við skynsamleg rök.